

Mál nr. 405/2010

M

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vegna dauða hests.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna aflífunar hross 20.01. 2010.

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 17.12. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.12. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur annars vegar að ekki hafi verið sýnt fram á sök vátryggingartaka og hins vegar með vísan til ákvæðis vátryggingarskilmála um vörsluábyrgð sem er undanskilin áhættu félagsins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi tjónsatburð máls þessa til vanrækslu þ.e. sakar vátryggingartaka. Í annan stað er hér og um undanskilda áhættu að ræða sbr. ákvæði vátryggingarskilmála um vörsluábyrgð.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. janúar 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.